

**Lagt fram á hluthafafundi:**

*Presented at a Shareholders meeting of:*

Marel hf.  
kt. 620483-0369  
Austurhrauni 9  
210 Garðabæ.

**Haldinn þann 22. nóvember 2018.**

*Held on 22 November 2018.*

**Efni: Skýrsla stjórnar skv. 33. gr., sbr. 1. ml. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.**

*Subj.: The Board of Directors Report cf. Article 33 and 51 para. 2, of Act No. 2/1995, on Public Limited Companies.*

Skýrsla þessi er gerð með vísan til ákvæða b-liðar 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, í tengslum við tillögu stjórnar Marel hf., sem fyrirhugað er að leggja fram á hluthafafundi félagsins þann 22. nóvember 2018.

*This report is made in accordance with Article 33, para. 2. [b], of Act No. 2/1995, on Public Limited Companies, in relation to a proposal by the Board of Directors of Marel hf. that will be presented at a shareholders meeting of the Company held on 22 November 2018.*

Stjórn félagsins mun leggja til að hlutafé félagsins verði lækkað vegna eignarhalds félagsins á eigin hlutum. Lagt er til að hlutaféð verði lækkað um kr. 52.983.076 að nafnverði. Verði tillagan samþykkt verður nafnverð hlutafjár félagsins kr. 682.585.921.

*The Board of Directors will propose a decrease of the Company's share capital due to the Company's holding of treasury shares. It is proposed that the Company's share capital will be decreased by the nominal value of ISK 52,983,076. If the Board's proposal will be accepted, the nominal value of the Company's share capital will amount to ISK 682,585,921.*

Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár vegna eignarhalds félagsins á eigin hlutum er lögð fram til samræmingar á hagsmunum núverandi hluthafa og framtíðarhluthafa, í tengslum við áætlun félagsins um tvíhliða skráningu og samhliða útgáfu nýs hlutafjár til stuðnings þess verkefnis. Nokkrar breytingar til hins betra hafa orðið á fjárhag félagsins frá síðasta rekstrarári. Rekstur félagsins það sem af er á árinu 2018 hefur staðist áætlanir stjórnar og stefnir í að afkoma verði betri en á síðasta reikningsári.

*The Board of Directors proposal regarding decrease of the Company's treasury shares, is proposed in order to align the interests of current and future shareholders in connection with the intended dual listing of the Company and the concurrent issuing of new shares in support of that project. Slight changes to the better have been in the Company's financial standing during the period since last financial year. The Company's operations in 2018 are in line with the Board's plans and the operational performance is expected to improve from last year.*

Garðabæ, 15. nóvember 2018 / Gardabær, 15 November 2018.

**Stjórn Marel hf. / Board of Directors of Marel hf.**